

mundsdóttur og hegningarvottorð um öll hin ákærðu frá Siglufirði.

Loks ber rannsóknardómaranum að öðru leyti að útvega þær frekari upplýsingar, er framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að afla framan-
greindra gagna og upplýsinga svo fljótt sem
verða má.

Mánudaginn 31. janúar 1938.

Nr. 95/1937. Valdstjórnin (Pétur Magnússon)
gegn

Frederick H. Harris (Lárus Fjaldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í for-
föllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að sektin er með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem í dag er 49.80, ákveðin kr. 20200.00, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120.00 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst 20200.00 krónur, og komi í stað hennar 7 mánaða einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Frederick H. Harris, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 21. júlí 1937:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað gegn skipstjóra Frederick Hendy Harris á togaranum F. D. 120 Cordela frá Fleetwood.

Varðskipið Gautur var 20. þ. m. í eftirlitsferð út af Gunnólfsvík og sá þá togarann Cordela rétt undan Skálum. Kl. 12.40 var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Kumlavíkurbær

> 56°35'

Skálar

> 60°25'

Langanes

> 20°30'

Togarinn

Þótti þá sýnt, að togarinn var í landhelgi, og var þá haldið í áttina til hans, en hann hélt allt af eftir það í austlæga átt.

Kl. 12.58 var bauja sett út í kjölvatn togarans, og var þá dregið upp stöðvunarmerki og kl. 13.00 skotið lausu skoti.

Kl. 13.01 var lagt við hlið togarans og síðan haldið að baujunni og gerð við hana efirfarandi staðarákvörðun:

Gunnólfsvikurfjall

> 72°28'

13.10 Skálar

> 90°44', dýpi 40 metr.

Langanestá

er gefur stað baujunnar 0.5 sjómílur innan landhelgi.

Kærði, skipstjórinn á togaranum, hefir játað, að hann hafi verið innan landhelgislinunnar að veiðum, en borið því við, að bergmálsdýptarmælir hans hafi verið bilaður, og hafi hann fyrir þá sök siglt inn í landhelgina, enda ekki getað fylgt með stjórn skipsins, af því að hann var að gera við bergmálsdýptarmælirinn. Aðrar afsakanir þoku eða annað, hefir hann ekki tilfært.

Samkvæmt framanrituðu liggur þá fyrir eigin játning kærða um brot hans, og ber að láta kærða sæta ábyrgð fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, með tilliti til þess, að hér sé um fyrsta brot að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi kr. er kr. 49.67, hæfilega ákveðin kr. 24000, sem rennur í landhelgisjóð Íslands og greiðist innan 4 vikna, en fáist sektin eigi greidd, ber kærða að afplána hana með einföldu fangelsi í 11 mánuði.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs í áður greindum togara, vera uppækt, og andvirði renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað við málið, sem er og verður.

Það vottast, að á málinu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Frederick Hendy Harris frá Hull, á annan 4 vikna að greiða sekt að upphæð kr. 24000 til landhelgisjóðs Íslands, en afplána hana með 11 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún eigi greidd.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Cordela F. D. 120 frá Fleetwood, verða upptækt, og andvirðið renna í landhelgisjóð.

Kærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.